

Niðurjöfnunin fer 63 kr. 95 a. fram úr því, sem jafna má niður, án 84 samþykkis landshöfðingja, sem skyldi leitað.

26. Amtsráðið samþykkti, að næsti aðalfundur yrði haldinn í Reykjavík.

27. Fyrir skriptir á fundinum veitti amtssráðið 20 kr.

Þá er lesa skyldi upp fundarbókina, áður en hún yrði undirskrifuð 19. þ. m., barst forseta brjef frá stjórnarnefnd Búnaðarfjelags Íslands, dagsett daginn áður, þar sem hún leiðir athygli amtssráðsins að því, að inntaka Vesturamtsins í fjelagið væri bundin þeim skilyrðum, að amtssráðið skuldbindi amtið til að greiða 400 kr. í fjelagssjóð árlega, og að þar, sem stæði í ákvörðunum til bráðabirgða í fjelagsslögunum: »Lög þessi nái gildi, þegar þau hafa verið samþykkt af Búnaðarfjelagi Suðuramtsins og einu eða fleirum amtssráðum og það eða þau hafa samið um tillög til fjelagsins«, þá nái þessi samningur eigi til annars en þess, hvernig fullnægjandi skuldbindingu þar að lútandi skuli hagað, því að með minni upphæð frá Vesturamtsins hálfu geti enginn samningur átt sjer stað, og að það væri skilyrði, sem beinlínis væri sett, þegar til búnaðarfjelags Íslands voru lagðar 23000 kr. úr sjóði búnaðarfjelags Suðuramtsins

Með því nú eigi voru fleiri en 5 fulltrúar á fundi auk forseta, varð engin fullnaðarályktun gjörð um þetta brjef, sbr. 3. gr. laga 11. júlí 1890, um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi.

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Vesturamtið, Reykjavík 25. júlí 1900.

*J. Havsteen.*

## Skýrsla

85

um aðalfund amtssráðsins í Norðuramtinu 26.—29. júní 1901.

Ár 1900 hinn 26. júní var aðalfundur amtssráðsins Norðuramtsins settur og haldinn á Akureyri af amtmanni Páli Briem, amtssráðsmanni Húnavatnssýslu B. G. Blöndal umboðsmanni í Hvammi, amtssráðsmanni Skagafjarðarsýslu Ólafi Briem umboðsmanni á Álfgeirsvöllum, amtssráðsmanni Eyjafjarðarsýslu St. Stefánssyni kennara á Möðruvöllum og amtssráðsmanni Suðurþingeyjarsýslu prófasti Arna Jónssyni á Skútustöðum.

Á fundinum voru mál þessi tekin til umræðu:

1. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða fyrir árið 1899, með fylgiskjölum:
  - a. Jafnaðarsjóðs Norðuramtsins.
  - b. Búnaðarsjóðs — —
  - c. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað.

85

- d. Amtsbókasafns Norðuramtsins.
- e. Prentsmiðjúsjóðs Norður- og Austuramtsins.
- f. Búnaðarsjóðs Eyjafjarðarsýslu og
- g. Þúsundára afmælissjóðs Eyjafjarðarsýslu.

Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjer til endurskoðunar. Eptir að amtsráðsmennirnir höfðu rannusakað reikningana, voru þeir samþykktir án athugasemda.

2. Forseti lagði fram sýslusjóðsreikninga úr öllum sýslum amtsins fyrir 1899, og sömuleiðis sýsluvegasjóðsreikninga úr sömu sýslum fyrir sama ár, og ennfremur lagði hann fram brúarsjóðsreikninga úr Skagafjarðar- og Húnavatnssýslu fyrir sama ár.

Amtsráðsmennirnir skiptu með sjer reikningum þessum til yfirskoðunar.

3. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, dags. 24. marz þ. á., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu fer þess á leit að amtsráðið leggi fram fje til þess að kosta sóthreinsun á ósútuðum útlendum húðum, að minnsta kosti 50 kr. á ári. Amtsráðið veitti í þessu efni allt að 100 kr., en fól jafnframt forseta að skýra sýslumönnum um þetta og skora á þá, að gangast fyrir því, að kaupmenn og kaupfjelög sótt-hreinsi allar útlendar húðir, er þeir flytja inn í landið.
4. Forseti skýrði frá, að lög frá 26. febr. 1898 um horfelli á skepnum væru úr gildi numin, en í þeirra stað væru aptur komin lög um sama efni frá 9. febr. þ. á. Samkvæmt 6. gr. í lögum þessum samdi amtsráðið fyrirmynd fyrir skýrslu um skoðun á heyforða og skepnuhöldum, er skoðunarmenn þeir, er lög þessi gjöra ráð fyrir, eiga að gefa um skoðanir sínar á hverjum vetri.
5. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanni Eyjafjarðarsýslu, dags. 26. marz þ. á., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndar leitar samþykkis amtsráðsins til þess að taka 1500 kr. lán til tóvinnuvjelanna, sem afborgist á 15 árum. Amtsráðið samþykkti þetta.
6. Ennfremur lagði forseti fram brjef frá sýslumanni Eyjafjarðarsýslu, dags. 27. marz þ. á., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar, óskar samþykkis amtsráðsins til þess að taka 2000 kr. lán fyrir sýsluvegasjóð til brúarinnar yfir Hörgá, sem endurborgist með jöfnum afborgunum á 10 árum. Amtsráðið samþykkti þetta.
7. Forseti lagði fram og las upp eptirrit af fundargjörðum allra sýslunefnda í amtinu fyrir yfirstandandi ár:
  - a. Við fundargjörðirnar úr Sudurþingeyjarsýslu frá 11. sept. f. á. og frá 12.—17. marz þ. á. fannst ekkert að athuga.
  - b. Við fundargjörðirnar úr Eyjafjarðarsýslu frá 12.—15. marz þ. á. fannst heldur ekkert að athuga.
  - c. Við fundargjörðirnar úr Skagafjarðarsýslu frá 5.—8. marz þ. á. fannst ekkert að athuga.

d. Við fundargjörðir úr Húnavatnssýslu frá 5.—10. marz þ. á. var sömuleiðis ekkert að athuga.

8. Amtsráðsmennir lögðu fram reikninga þá, sem taldir eru í tölul. nr. 2., og voru þeir allir samþykktir án athugasemda.

9. Framlögð var kæra frá oddvita Vindhælishrepps, dags. 19. f. m., þar sem hann kærir yfir því, að sýslunefnd Húnavatnssýslu hafi á aðalfundi í marz-mánuði síðastl. úrskurðað:

1. Að með sveitarsjóðsreikningunum skuli senda niðurjöfnunarskrána í frumriti.

2. Að tveir tekjulíðir sjeu vantaldir um 1 kr. hver eða alls 2 kr., sem eru vottagjöld við sölu óskilakinda og ómerkinga; var einnig framlögð umsögn sýslumannsins í Húnavatnssýslu frá 19. þ. m.

Amtsráðið ljét í ljósi, að sýslunefnd Húnavatnssýslu hefði með fullum rjetti ákveðið, að niðurjöfnunarskráin skyldi send með sveitarsjóðsreikningunum í frumriti og fyrir því skyldi úrskurður hennar standa óbreyttur að þessu leyti. Aftur á móti álitur amtsráðið, að eigi sje heimilt að neita greiðslu á borgun til votta við umgetna sölu, og fellir því úrskurð sýslunefndarinnar úr gildi að þessu leyti.

10. Framlagt var brjef frá sýslumanninum í Þingeyjarsýslu frá 5. maí þ. á. ásamt útdrætti úr fundarjörðum sýslunefndarinnar þar frá 12.—17. marz þ. á., þar sem samþykkis amtsráðsins er leitað til þess, að sýsluvegurinn frá Arnarvatni að Grímsstöðum í Mývatnssveit verði lagður niður og gerður að hreppavegi, en að hreppavegurinn frá Arnarvatni yfir Króká í Skútu-staði, Garð og út fyrir ofan vatn í Reykjahlíð verði aftur gjörður að sýsluvegi. Amtsráðið samþykkti þetta.

11. Var framlagt brjef frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu frá 18. þ. m., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar þar óskar samþykkis amtsráðsins til þess, að vegurinn frá hinni fyrirhuguðu brú á Hörgá eptir Möðruvallamelum og þaðan meðfram Hörgá að vestan fram fyrir Stóra-Dunhaga og þaðan eins og hreppavegurinn nú liggur að brúnni á Helguhyl verði gjörður að sýsluvegi. Amtsráðið samþykkti þetta.

12. Forseti las upp og lagði fram bónarbrjef frá stjórn kvennaskóla Eyfirðinga, dags. 25. þ. m. um venjulegan styrk til kvennaskóla þessa úr jafnaðarsjóði, og brjef frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu frá 27. marz þ. á. um 300 kr. styrk til kvennaskólans á Ytri Ey. Ennfremur voru framlagðir reikningar skólanna og skýrslur um próf á þeim síðastliðið vor.

Amtsráðið samþykkti að veita skólum þessum 300 kr. styrk hvorum fyrir sig eins og að undanfögnu.

13. Framlögð voru eptirfylgjandi skjöl og reikningar snertandi búnaðarskólann á Hólum:

a. Reikningu. yfir tekjur og gjöld skólahússins 1898.—99.

b. Reikningur yfir tekjur og gjöld skólasjóðs s. á.

c. Reikningur yfir tekjur og gjöld kirkjunnar s. á.

85

- d. Athugasemdir endurskoðanda við reikninga þessa, ásamt svörum reikningshaldara.
- e. Endurrit af úrskurðum amtsráðsins um reikninga skólans 1897—98 með áritun um fullnustugjörð.
- f. Endurrit af skráum yfir innstæðu skólasjóðs, skólabúsins og kirkjunnar.
- g. Skriflega skýrslu um skólann fyrir 1899—1900.

Amtsráðið athugaði og úrskurðaði reikninga þessa, sem hjer segir:

- I. Um reikninga kirkjunnar:
    - 1. Má við svo búið standa.
    - 2. Til athugunar eptirleiðis.
  - II. Um skólasjóðsreikninginn:
    - Fellur niður eptir svarinu.
  - III. Um búreikningana:
    - 1. Leiðrjettist í næsta reikningi.
    - 2. a. Fellur niður samkvæmt svarinu.
    - b. Til athugunar.
    - d. Til eptirbreytni framvegis.
    - e. Má við svo búið standa.
    - 3. Fellur niður samkvæmt svarinu.
    - 4. Sömuleiðis.
    - 5. Sömuleiðis.
    - 6. Sömuleiðis.
    - 7. Sömuleiðis.
    - 8. Sömuleiðis.
- Viðauki:
- 1. a. Má við svo búið standa.
  - b. Upplýst með svarinu.
  - d. Til athugunar eptirleiðis.
  - 2. Má við svo búið standa.
  - 3. Upplýst með svarinu.
  - 4. Má við svo búið standa.
  - 5. Sömuleiðis.
14. Forseti skýrði frá því að hann í septbr. síðastliðnum hefði gjört sjer ferð að Hólum ásamt amtsráðsmönnum Stefáni kennara Stefánssyni á Möðruvöllum og umboðsmanni Ólafi Briem á Álgeirsvöllum og tilsjónarmanni prófasti Zophoníasi Halldórssyni í Viðvík, og lagði fram skýrslu um skoðun þeirra og ráðstafanir viðvíkjandi skólanum. Ennfremur skýrði hann frá því, að endurskoðandi alþingismaður Þorleifur Jónsson hefði sagt starfa sínum af sjer, og hefði hann því til bráðabyrgða falið Hermann Jónassyni búfræðing á Þingeyrum þennan starfa.

Ennfremur skýrði hann frá, að kennari Jakob Bjarnason á Hólum hefði beðið um leyfi til að vera tjarverandi næsta sumar, og hefði hann samkvæmt meðmælum skólastjóra veitt leyfi þetta, gegn því að störfum hans

yrði gegnt af búfræðingi Birni Bjarnarsyni einnig samkvæmt meðmælum skólustjóra. 85

15. Nú var framlagt brjef frá kennara Jakob Bjarnasyni, dags. í Englandi 3. þ. m., þar sem hann á ný óskar leyfis amtsráðsins til þess að vera fjarverandi embætti sínu (sem annar kennari á Hólum) til 14. maí 1901.

Amtsráðið samþykkti að veita nið umbeðna leyfi með því skilyrði, að 200 kr. af launum hans gangi til vetrarmanns, sem amtsráðið ræður til kennslu næsta vetur.

Í öðru lagi ákvað amtsráðið að segja öðrum kennara upp starfa sínum og að auglýsa kennslustarfa hans lausan fyrir næsta ár, og í þriðja lagi veitti amtsráðið skólustjóra leyfi til þess, að ráða verkstjóra sjer til hjálpar vor og haust og semja við hann um borgun.

16. Útaf tilboði frá prófasti Zophoníasi Halldórssyni í Viðvík um að kenna íslenzku í Hólaskóla næsta vetur, samþykkti amtsráðið að ganga að þessu boði, og fól forseta sínum að semja um borgun fyrir kennslu þessa.

17. Amtsráðið tók til athugunar fjárhag skólans og kynnti sjer skuldir skólans. Meðal annars var skólinn kominn nálega í 6000 kr. kaupstaðarskuld. Útaf þessu samþykkti amtsráðið, að taka eptirleidis að sjer 1200 kr. afborgun þá af landssjóðsláni til skólans, sem hvílt hefir á skólanum hingað til. Amtsráðið væntir því, að skólinn nú geti borgað 1200 kr. við næsta nýár af skuldinni og felur það skólustjóra að semja um skuldina við hlutadeigenda.

18. Var kosinn endurskoðandi reikninga Hólaskóla til tveggja ára, Stefán kennari Stefánsson á Möðruvöllum, með hlutkesti milli hans og Árna prófests Jónssonar á Skútustöðum, sem fekk jafnmörg atkvæði. Sem varamaður um sama tíma var kosinn prófastur Árni Jónsson á Skútustöðum.

19. Amtsráðið samþykkti og fól forseta sínum að taka 1000 kr. lán úr einhverjum sjóði, sem afborgist á 5 árum með jöfnum afborgunum, og skyldi láni þessu varið til að borga skuld þá, sem hvíldi á skólasjóði Hólaskóla næstliðið ár.

Þess skal getið að skólustjóri Jósep Björnsson á Hólum var viðstaddur umræður um mál skólans og tók þátt í þeim.

20. Forseti lagði fram skýrslur um fjárkláða í Norður- og Austuramtinu og allmörg skjöl um það mál. Amtsráðið athugaði málið rækilega, og gjörði síðan þessar ályktanir: Amtsráðið álitur, að það sje lífsnauðsyn fyrir landbúnaðinn að fjárkláðanum verði útrýmt, og fyrir því felur það forseta að fara þess á leit við landsstjórnina, að hún taki af nýju til ihugunar, hvernig þessu verði framgengt, og ef stjórnin eigi vill aðhyllast þær tillögur, sem amtsráðið hefir áður gjört í málinu, að hún þá vilji leggja fyrir alþingi frumvarp þess efnis, að amtsráðinu sje veitt heimild til þess, að setja samþykkt um útrýming kláðans í amtinu með lagagildi, og að stjórnin taki upp í frumvarp til fjárlaga 1902 og 1903 fjárveiting til amtsráðsins til útrýmingar kláðanum að upphæð 10000 kr. hvort árið.

Amtsráðið fól forseta sínum, að fyrirskipa þaðanir á sauðfje næsta haust

85

eins og að undanfögnu, svo og að ráða mönnum til þess að hafa tóbakslög eða barbólsýru sem þaðmeðul.

21. Forseti lagði fram reikning gróðrarstöðvarinnar á Akureyri fyrir síðastl. ár með fylgiskjölum, svo og skýrslu um útgjöld hennar þetta ár. Amtráðsmennirnir athuguðu reikninginn og samþykktu hann athugasemdalaust. Ennfremur skoðuðu þeir gróðrarstöðina. Bæjarstjórn Akureyrar hafði bæði gefið lóðina undir gróðrarstöðina og vandaða og dýra girðing um hana. Að öðru leyti var búið að sá og gróðursetja í hana, svo að hún var í góðu lagi. Amtráðið fól forseta sínum að tjá bæjarstjórninni þakklæti sitt, og að sækja til búnaarfjlags Íslands um styrk til stöðvarinnar og að sjá um hana að öðru leyti.
22. Forseti skýrði frá því að búnaðarfjlag Island hefði verið stofnað næstliðið sumar og að fulltrúar amtráðsins hefðu fyrir hönd þess samþykkt lög fjelagsins og skuldbundið sig til þess að greiða árlegt tillag til fjelagsins að upphæð 400 kr., og hefði landshöfðinginn með brjefi 12. ágúst f. á. samþykkt þessa skuldbindingu. Forseti lagði jafnframt fram brjef frá stjórn búnaðarfjlagsins viðvíkjandi fjárveitingum til búnaðarmála í amtinu frá 14. maí þ. á. og brjef forseta til fjelagsins viðvíkjandi búnaðarmálum.  
Amtráðið tók til rækilegrar ihugunar búnaðarmálin og ályktaði síðan að fela forseta, að skrifa stjórn búnaðarfjlagsins viðvíkjandi sjúkdómum fjenadarins: fjárkláða, miltisbrandi, berklaveiki og næmri sóttarpest, og fara þess á leit, að hún taki þessa sjúkdóma til rannsóknar og ihugunar, undirbúi málið til næsta búnaðarþings og gjöri þar tillögur um ráðstafanir gegn sjúkdómum þessum.
23. Amtráðið tók því næst til ihugunar, að það væri lífsskilyrði fyrir búnað hjer á landi, að skipaður væri auk þeirra ráðanauta Búnaðarfjlags Íslands, sem nú eru, vísindalega menntaður maður til þess að vera ráðanautur búnaðarfjlagsins í öllum hinum þýðingarmestu búnaðarmálum, og sem gæti eingöngu gefið sig við því, að leiðbeina og fræða, svo að landið geti fylgzt með búnaðarframförum útlandra þjóða.
24. Forseti lagði fram bónarbrjef, dags. 26. þ. m., frá búfræðingi Sigurði Sigurdssyni til búnaðarfjlagsins um styrk til að stunda nám við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn, með beiðni um, að amtráðið vildi veita henni meðmæli sín. Amtráðið fól forseta að mæla sem bezt með bónarbrjefi þessu.
25. Forseti skýrði frá að sýslunefndirnar hefðu tekið þannig undir, að taka 50,000 kr. lán til sameiginlegra tóvinnuvjela við Glerá í Eyjafjardarsýslu, að þær hefðu ekki gefið nokkurt endilegt svar um málið, en að sýslunefnd Sudurþingeyjarsýslu hefði látið í ljósi, að hún mundi styðja fyrirtækið eptir megni.
26. Forseti lagði fram brjef og las upp umsóknir frá tveimur námspiltum frá Möðruvöllum og tveimur námsmeyjum frá kvennaskóla Eyfirðinga um venjulegan styrk af Prentsmiðjúsjóði Norður- og Austuramtsins. Amtráðið veitti

styrkinn umsækjendunum, námspiltunum Oddi Jónassyni og Oddi Kristjánssyni og námsmeyjunum Þorbjörgu Gunnarsdóttur og Hallfríði Jakobsdóttur. **85**

27. Forseti lagði fram beiðni, dags. 26. þ. m., frá frú Elinu Eyjólfsson um 300 kr. styrk til hússtjórnarskólans næsta ár í eitt skipti fyrir öll.

Amtsráðið fól forseta sínum að sækja um þessa upphæð til stjórnar Búnaðarfelags Íslands, en ef stjórnin eigi vildi veita hana þá ákvað amtsráðið, að veita hana af amtssjóði næsta ár.

28. Forseti lagði fram bókun frá Lárusi Jóhannssyni á Botni, dags. 11. þ. m., um 200 kr. styrk til að læra að vefa í hraðvefstól í Noregi og til þess að útvega sjer hann. Amtsráðið sá sjer ekki fært að verða við þessari beiðni.

29. Var samin og samþykkt svohljóðandi

### ÁÆTLUN

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Norðuramtsins 1901.

#### Tekjur:

1. Aætlaðar eptirstöðvar	kr.	700 00
2. Jafnaðarsjóðsgjald	—	5000 00
	Samtals:	kr. 5700 00

#### Gjöld:

1. Til amtsráðsins	kr.	500 00
2. — menntamála:		
a. Til kvennaskóla Eyfirðinga	kr.	300 00
b. — — á Ytri Ey	—	300 00
c. — bókasafns Norðuramtsins	—	500 00
d. — bóka og áhaldakaupa á Hólum	kr.	200 00
e. — Vaxta og afborgunar af láni		
Hólaskóla	—	1440 00
f. Búnaðarskólagjald	—	900 00
g. Til hússtjórnarskólans	—	300 00
	kr.	3940 00
3. Til fjárskoðana og ráðstafana snertandi fjárkláðann	—	300 00
4. Vextir og afborgun af spítalaláni	—	200 00
5. Til búnaðarfelags Íslands	—	400 00
6. — óvissra gjalda	—	360 00
	Samtals:	kr. 5700 00

Fleiri mál komu ekki til umræðu. Fundarbók upplestin og samþykkt 29. júní. Fundi slitið.

Páll Briem. Ólafur Briem. Árni Jónsson. B. G. Blöndal. St. Stefánsson.

Íslands Norður- og Austuramt, Akureyri 30. júní 1900.

*Páll Briem.*